

Mánudaginn 1. mars 1982.

Nr. 26/1982. **Kristinn Einarsson hrl. f. h.
Minhouse Ltd.**
gegn
**Eysteini Fjölni Arasyni og
Péttri Arasyni persónulega og
f. h. Facó s/f.**

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður

Áfrýjandi, Kristinn Einarsson hrl. f. h. Minhouse Ltd., er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 200.00 króna úti-
vistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir
af nýju.

Mánudaginn 1. mars 1982.

Nr. 194/1981. **Ákærvaldið**
(Bragi Steinarsson, settur vara-
ríkissaksóknari)
gegn
Páli Konráði Konráðssyni Þormar
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson,
Árman Snævarr, Magnús Thoroddsen, Magnús Þ. Torfason
og Sigurgeir Jónsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu að ósk ákærða með
stefnu 14. ágúst 1981, og málinu var einnig áfrýjað af hálfu
ákærvalds til þyngingar.

Ágrip barst Hæstarétti 18. desember 1981.

Af hálfu ákærvalds er krafist „staðfestingar hins áfrýjaða dóms bæði að því er varðar refsingu og greiðslu sakarkostnaðar . . .“

Verjandi krefst sýknu og að allur sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, þ. á m. málsvarnarlaun til sín.

Ákvæði 255. gr., sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eiga við um ákvörðun á refsingu fyrir brot ákærða. Með þeirri athugasemd og svo sem kröfugerð ákærvalds er farið, ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, 2.500.00 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Páll Konráð Konráðsson Þormar, greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 2.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 3. júní 1981.

Ár 1981, miðvikudaginn 3. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 247/1981: Ákærvaldið gegn Páli Konráði Konráðssyni Þormar, sem tekið var til dóms 18. maí sl.

Mál þetta höfðar ríkissaksóknari með ákæru, dagsettri 17. mars 1981, gegn ákærða, Páli Konráð Konráðssyni Þormar, Óðinsgötu 8 A hér í borg, fæddum 2. júlí 1953 í Reykjavík, „fyrir að hafa miðvikudaginn 2. júlí 1980 slegið eign sinni á karlmannsskyrtu í versluninni Karnabæ, Austurstræti 22 í Reykjavík.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru sem hér segir:

Miðvikudaginn 2. júlí sl., um kl. 1438, var leitað lögreglu-aðstoðar úr verslun Karnabæjar við Austurstræti 22. Lögreglu- maður, sem var á varðgöngu um Austurstræti, kom á vettvang. Afgreiðslumaður í versluninni tjáði lögreglumanninum, að inni í versluninni væru tveir menn, sem hefðu ætlað að stela karl- mannsskyrtu. Benti hann á, að tvö vitni hefðu séð þetta. Menn- irnir voru báðir handteknir, og reyndist annar þeirra vera ákærði í máli þessu, Páll Konáð Konráðsson Þormar.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 3. júlí sl. kannaðist ákærði við að hafa verið umrætt sinn í versluninni ásamt Má Kjartanssyni. Hefði hann farið inn í verslunina í þeim erindagerðum að skoða föt, en ekki ætlað að kaupa neitt, enda ekki með peninga til þess. Hefðu þeir Már gengið um verslun- ina. Kvaðst ákærði hafa tekið eina skyrtu úr skyrturekka og þar sem honum leist vel á skyrtuna, hafi hann ætlað að athuga, hvað hún kostaði, en þar sem enginn var að afgreiða þarna við skyrturekkann, hafi hann gengið með skyrtuna að afgreiðslu- borði, sem er alveg frammi við útidyrnar á versluninni. Á leið- inni að afgreiðsluborðinu hafi hann stungið skyrtunni undir jakkann, sem hann var í. Hafi hann ekki gert þetta til þess að fela skyrtuna, heldur verið að fiflast og ætlað að sýna skyrt- una við afgreiðsluborðið og athuga, hvaða verð væri á henni. Á leiðinni að afgreiðsluborðinu hafi afgreiðslumaður komið til hans og spurt, hvort hann ætlaði að stela skyrtunni. Kvaðst ákærði þá hafa tekið skyrtuna undan jakkanum og látið mann- inn hafa hana og sagt eins og var, að hann hefði ekki ætlað að stela skyrtunni. Kvaðst ákærði hafa verið töluvert ölvaður.

Ákærði var yfirheyrður fyrir dómi vegna máls þessa þann 15. maí sl. Kvað ákærði ákærana ranga, þar sem hann hefði ekki ætlað að stela skyrtunni. Hann hefði stungið henni inn undir jakka sinn og gert þetta í einhverjum fíflaskap. Hafi hann ætlað að sýna skyrtuna við afgreiðsluborðið og athuga, hvað hún kostaði. Ákærði kvað það rangt, að hann hefði verið á leið út úr versluninni, þegar afgreiðslumaðurinn tók skyrtuna undan jakka ákærða, en hann var nálægt afgreiðsluborðinu, þegar þetta átti sér stað. Ákærði staðfesti skýrslu sína fyrir rann- sóknarlögreglu sem rétta að öðru leyti en því, að framangreint afgreiðsluborð stæði ekki við útidyrnar, eins og segir í skýrsl-

unni, heldur sé borðið vinstra megin, þegar gengið er inn í verslunina.

Verður nú gerð grein fyrir framburði vitna fyrir rannsóknarlögreglu og fyrir dómi.

Már Kjartansson, sem var yfirheyrður fyrir rannsóknarlögreglu ríkisins sama dag og ákærði, kannaðist við að hafa verið ásamt ákærða í verslun Karnabæjar. Kvaðst hann ekki hafa fylgst vel með ákærða, á meðan hann var í versluninni. Hann kvaðst hafa gengið á undan ákærða, þegar þeir voru að ganga út úr versluninni, og varð hann þá var við, að afgreiðslumaðurinn stöðvaði ákærða. Sneri hann þá við og fór til ákærða, en þá voru þar komin tvö vitni, sem héldu því fram, að ákærði hefði stolið skyrту, og lá hvít skyrta á borði, sem ákærði stóð við. Kvaðst hann ekki hafa séð, þegar skyrтан var tekin af ákærða, og ekki hafa vitað til þess, að ákærði hafi ætlað að stela neinu þarna.

Vitnið Benedikt Löwdahl, Garðsenda 15 hér í borg, var yfirheyrт fyrir rannsóknarlögreglu þann 17. febrúar sl. og fyrir dómi þann 15. maí sl. Kvaðst vitnið hafa verið við afgreiðslustörf í versluninni Karnabæ, þegar ákærði, sem vitnið þekkti með nafni, kom inn í verslunina. Annar maður hafi verið með ákærða, sem vitnið þekkti ekki. Aðrir viðskiptavinir hafi ekki verið í versluninni og því hafi það farið að afgreiða ákærða, sem var eitt-hvað æstur og greinilega ölvaður. Ákærði hafi skoðað einhver föt. Á meðan vitnið var að afgreiða ákærða, komu hjón inn í verslunina, og fór vitnið að afgreiða þau, en á meðan var ákærði í hinum enda verslunarinnar, en þar var skyrтum stillt upp. Þegar vitnið hafði afgreitt hjónin, ætlaði það að snúa sér að því að afgreiða ákærða, en þá var eins og ákærði ætlaði að flýta sér út úr versluninni. Kvaðst vitnið þá hafa gengið í veg fyrir ákærða í dyrum verslunarinnar og opnað jakkann, sem hann var í, að framan. Datt þá skyrta, sem hann hafði falið innan á sér, úr buxnastreng ákærða. Vitnið kvaðst hafa tekið í ákærða og farið með hann að símanum og ætlað að hringja á lögregluna, en ákærði hafi streist á mótí og slitið símasambandinu. Vitnið kvaðst hafa haldið ákærða með hjálp Ágústs Andréssonar, sem þarna var ásamt eiginkonu sinni, uns lögreglan kom á vettvang. Vitnið sagði, að framangreind skyrta hefði kostað um 15.000 krónur.

Framangreint vitni bar sjálfstætt fyrir dómi á sama hátt og fyrir rannsóknarlögreglu. Vitninu var bent á þann framburð

ákærða, að ákærði hefði ekki verið kominn að útidyrnum, þegar vitnið greip í hann, og ítrekaði vitnið, að ákærði hafi verið kominn að útidyrnum, þegar þetta átti sér stað. Kvaðst vitnið hafa staðið við afgreiðsluborð rétt við dyrnar og hefði ákærði ekki gert sig líklegan til þess að koma með skyrtuna að borðinu. Ákærði hafi gengið fram hjá afgreiðsluborðinu að útidyrnum með skyrtuna innan klæða. Vitnið kvaðst nú ekki muna, hvers vegna það stöðvaði ákærða, þ. e. a. s., hvort það sá ákærða stinga skyrtunni inn á sig eða hvort vitnið grunaði hann um það. Ákærði hafi verið drukkin og einhver fyrirferð á honum. Vitnið kvaðst ekki muna viðbrögð ákærða, eftir að vitnið tók af honum skyrtuna, en ákærði hefði beðið vitnið um að hringja ekki í lögregluna. Vitnið staðfesti skýrslu sína fyrir rannsóknarlögreglu.

Vitnið Bryndís Jónsdóttir, Stelkhólum 8 hér í borg, var yfirheyrt fyrir rannsóknarlögreglu þann 13. febrúar sl. Vitnið bar, að það hefði verið statt umrætt sinn í versluninni Karnabæ ásamt eiginmanni vitnisins, Ágúst Inga Andréssyni. Þau hjónin hafi verið ein í versluninni ásamt afgreiðslumanni, sem var að sinna þeim, er tveir menn komu inn í verslunina, og var annar sýnilega drukkin. Þvældust mennirnir um verslunina. Afgreiðslumaðurinn hafi spurt þá, hvort þá vantaði eitthvað, og síðan beðið þá að ganga út. Hafi afgreiðslumaðurinn haft auga með mönnunum. Þegar þeir voru á leiðinni út, hafi afgreiðslumaðurinn tekið í öxlina á þeim ölvaða og tekið karlmannsskyrtu í umbúðunum undan jakka mannsins. Hafi maðurinn sýnilega ætlað að stela skyrtunni. Minnti vitnið, að afgreiðslumaðurinn hefði haldið í manninn, á meðan hann hringdi í lögregluna, en eiginmaður vitnisins hafi einnig staðið við hlið mannsins. Sagði vitnið, að enginn vafi hafi verið á því, að lögreglan hafi tekið mann þann, sem var með skyrtuna. Í lok yfirheyrslunnar kvaðst vitnið halda, að það hafi verið ljóst, að maðurinn ætlaði að stela skyrtunni. Vitnið kom fyrir dóm þann 18. maí sl. Skýrði vitnið fyrir dóminum í meginatriðum á sama hátt og fyrir rannsóknarlögreglu. Vitnið sagði, að ákærði hefði verið kominn að útidyrum verslunarinnar, þegar afgreiðslumaðurinn greip í hann, og var ákærði þá með herraskyrtu innan á sér. Ákærði hafi farið að „þrasa“ við afgreiðslumanninn, en vitnið mundi ekki, hvað þeim fór á milli. Vitninu var kynntur sá framburður ákærða, að hann hefði ætlað að framvísa skyrtunni við afgreiðsluborðið skammt frá útidyrum verslunarinnar, og ítrekaði vitnið, að

ákærði hefði verið kominn alveg að útidyrunum, þegar hann var gripinn. Vitnið kvaðst ekki minnast þess, að ákærði hefði verið með læti eða hávaða, áður en hann var gripinn með skyrtuna. Vitnið staðfesti skýrslu sína fyrir rannsóknarlögreglu.

Vitnið Ágúst Ingi Andrésson, Stelkhólum 8 hér í borg, kom fyrir rannsóknarlögreglu sama dag og eiginkona þess. Vitnið kvaðst hafa verið í margnefndri verslun ásamt eiginkonu vitnisins í sl. júlímánuði. Þau hjónin hafi verið ein í versluninni ásamt afgreiðslumanninum, sem var að afgreiða þau, þegar tveir menn komu inn úr útidyrunum, og var annar þeirra greinilega ölvaður. Sá vitnið, að afgreiðslumaðurinn fylgdist með mönnunum. Þegar þeir voru á leiðinni út, sneri afgreiðslumaðurinn sér að þeim og tók í öxlina á öðrum þeirra og fór inn undir jakka hans og tók þaðan herraskyrtu í umbúðum. Þetta hafi skeð nálægt inngangi verslunarinnar. Kvaðst vitnið hafa gætt mannsins, á meðan afgreiðslumaðurinn hringdi á lögreglu. Sagði vitnið engan vafa vera á því, að lögreglan hafi tekið mann þann, sem var með skyrtuna. Vitnið sagði, að því hefði virst enginn vafi á því, að maðurinn hafi ætlað að stela skyrtunni. Vitnið kom fyrir dóm þann 18. maí sl. Vitnið skýrði sjálfstætt fyrir dóminum á sama hátt og fyrir rannsóknarlögreglu. Vitnið kvaðst ekki hafa séð, þegar ákærði stakk inn á sig skyrtunni, en það sá, þegar afgreiðslumaðurinn greip í ákærða, þar sem hann var í dyragættinni á útihurð (sic) verslunarinnar, og tók afgreiðslumaðurinn herraskyrtu, sem ákærði hafði undir jakka sínum. Vitnið sagði, að ekki hefði leikið vafi á, að maðurinn hafi ekki ætlað að framvísa skyrtunni við afgreiðsluborðið, enda hafi hann verið gripinn í dyragættinni, eins og áður segir. Mennirnir hafi báðir verið ölvaðir, en ekki með læti, að því er vitnið minnti. Vitnið sagði, að eftir að ákærði var gripinn með skyrtuna, hefði hann sagt, að þetta væri ekkert mál, þar sem hann skilaði skyrtunni, en vitnið minntist þess ekki, að neitt frekar hafi verið um þetta rætt. Vitnið bar, að þau hjónin hefðu verið rétt innan við útidyr verslunarinnar að skoða föt, þegar afgreiðslumaðurinn tók skyrtuna af ákærða. Vitnið staðfesti skýrslu sína fyrir rannsóknarlögreglu.

Samkvæmt sakavottorði ákærða, dagsettu 6. mars sl., hefur hann hlotið eftirtalda dóma:

1969 19/12 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

1970 12/3 í Reykjavík: Dómur: 7 mánaða fangelsi fyrir brot

- gegn 244. gr. hegningarlaga, sbr. 20. gr. hegningarlaga. (Dómur 19/12 1969 dæmdur með).
- 1970 9/4 í Reykjavík: Dómur: 2 mánaða fangelsi (hegningarauki) fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1972 15/6 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga og 1. mgr. 155. gr. hegningarlaga.
- 1973 13/7 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
- 1976 24/2 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot á 106. gr. og 155. gr. hegningarlaga.
- 1976 28/9 í Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga. Ekki gerð sérstök refsing.
- 1977 27/4 í Reykjavík: Dómur: 2 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 254. gr. alm. hegningarlaga.
- 1977 27/4 í Reykjavík: Dómur: Sýknaður af broti gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1979 5/9 í Reykjavík: Dómur: 2 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1980 13/3 í Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot á 246. gr. hegningarlaga. Refsing ekki dæmd.

Auk þess hefur ákærði 14 sinnum á árunum 1968—1980 gengist undir dómssátt og sektargreiðslu vegna brota gegn 21. gr. áfengislaga, eitt skipti (1978) fyrir brot gegn 3., sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 105/1936, sbr. auglýsingu nr. 94/1966, eitt skipti fyrir brot gegn 66. gr. tolllaga og þann 7. ágúst 1979 fyrir brot gegn 25. gr. og 27. gr. umferðarlaga og þá sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 12 mánuði frá þeim sama degi.

Með framburði þriggja vitna þykir sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi slegið eign sinni á skyrtnu þá, sem mál þetta snýst um. Ákærði stakk skyrtnu inn á sig, og bendir ekkert til þess nema framburður ákærða, að hann hafi ætlað að framvísa skyrtnu, enda hefur ákærði borið, að hann hafi ekki verið með neina peninga á sér. Telst því ákærði hafa gerst brotlegur við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af sakaferli hans hæfilega ákveðin fangelsi í 1 mánuð.

Þá er ákærði dæmdur samkvæmt 141. gr. laga 74/1974 til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar, kr. 1.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Páll Konráð Konráðsson Þormar, sæti fangelsi í 1 mánuð.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmans, kr. 1.000.00.

Mánudaginn 1. mars 1982.

Nr. 222/1980. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson, settur vararíkissaksóknari)

gegn

Birgi Bótólfi Guðmundssyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974 og 173. gr. a almennra hegningarlaga. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddson og Sigurgeir Jónsson.

Málinu var áfrýjað að ósk ákærða með stefnu 15. september 1980, og er því einnig áfrýjað af hálfu ákærvalds til þyngingar. Ágrip barst Hæstarétti 30. nóvember 1981.

Ákærvald krefst „staðfestingar hins áfrýjaða dóms á sakfellingu í einstökum ákæruliðum, ákvæðum um eignaupptöku og greiðslu sakarkostnaðar, en þannig, að einstakar athafnir ákærða, eins og þeim er lýst í ákæru, verði virtar sem áframhaldandi brotastarfsemi og sem heild varði ákærða refsingu samkvæmt 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974, tilgreind ákvæði laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, og reglugerðar um sama